

Mánudaginn 14. janúar 1946.

Nr. 130/1945. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Gunnar J. Möller)

gegn

Jóhannesi Sölva Sigurðssyni

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Telja verður, að maður sá, er varð fyrir bifreið ákærða, hafi hagað göngu sinni ógætlega, þar sem hann hélt sig ekki utarlega á akbrautinni. Á hinn bóginn ók ákærði bifreið sinni fram hjá manni þessum, án þess að fullvissa sig um, að hann hefði veitt bifreiðinni athygli og vikið nægjanlega til hliðar. Þykir hann því ekki hafa gætt þeirrar varúðar um aksturinn, sem boðin er í þeim greinum bifreiðalaga, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi, svo og í 3. málsgr. 28. gr. sömu laga. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið eitt ár frá birtingu dómsins.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skal vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytninguþlaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 350 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Sölvi Sigurðsson, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur leyfi til að aka bifreið eitt ár frá birtingu dómsins.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. ágúst 1945.

Ár 1945, mánudaginn 27. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkevðinn dómur í málinu nr. 2453/1945: Réttvisin og valdstjórnin gegn Jóhannesi Sölva Sigurðssyni, sem tekið var til dóms hinn 14. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóhannesi Sölva Sigurðssyni bifreiðarstjóra, Aðalstræti 16 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. júní 1921. Hinn 10. marz 1943 var hann sektaður um kr. 30.00 fyrir að hafa tvo farþega í framsæti bifreiðar, en að öðru leyti hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Hinn 23. febrúar s. l., klukkan rúmlega 8 árdegis, varð bifreiðarslys á Suðurlandsbraut skömmu vestan Elliðaáanna, og beið Oddur Snorrason verkamaður, Sólheiði í Sogamýri, bana af. Á þessum tíma ók ákærði 26 manna áætlunarfólksbifreiðinni G 201 frá Reykjavík austur Suðurlandsbraut áleiðis til Mosfellssveitar í áætlunarferð. Ákærða minnir, að 8 farþegar væru í bifreiðinni, og hefur nafngreint tvo þeirra, Val Júlíus Hinriksson, gæzlumann á Korpúlfsstöðum, og Svanþór Jónsson múraranema, Óðinsgötu 17 B hér í bæ. Óvíst er, hverjir hinir farþegarnir voru. Bifreiðin var í góðu lagi að öðru leyti en því, að hraðamælir hennar var óvirkur, og hafði hann verið það um nokkurt skeið. Um fjórum klukkustundum eftir slysið reyndi lögreglan hemla bifreiðarinnar, og voru þeir þá í góðu lagi. Ákærði var vel fyrir kallaður í akstrinum, hafði sofið vel um nóttina, og þetta var fyrsta ferð hans þenna dag. Veður var kalt og hvasst suðvestan, og gekk á með skafrenningséljum. Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar var veðrið

kl. 8 um morguninn SSW 6, alskýjað, skyggni 2—4 km og hiti 0 stig. Við veðurathugun kl. 5 árdegis sama dag var snjócoma og við veðurathugun kl. 11 árdegis sama dag voru snjóél. Milli athugana var snjócoma öðru hverju. Vegurinn, þar sem slysið varð, er malbikaður og mjög breiður, þar sem þar kemur saman nýi vegurinn að Elliðaárbrúnni og vegurinn, sem liggur að gömlu Elliðaárbrúnum. Vegurinn var snjólaus og umferð um hann engin á þessu svæði nema G 201 og þeir tveir fótgangandi menn, sem nú verður að vikið. Þessir menn voru áður nefndur Oddur Snorra-son og Þorsteinn Magnússon verkamaður, Selby-camp 19. Þeir gengu austur Suðurlandsbraut og voru á leið til vinnu í sandgryfjunum innan við Elliðaár og höfðu skóflur um öxl. Þeir gengu með venjulegum gönguhraða, og rétt áður en slysið varð, gekk Þorsteinn aðeins á undan Oddi. Þorsteinn segir þá hafa gengið um miðbik vinstri vegarhelmingis og Odd nær vegarmiðju en sig, en ákærði telur þá hafa gengið á miðjum veginum. Vitnin Valur og Svanþór segja þá hafa gengið nálægt miðjum veginum. Strax og ákærði sá mennina, en þá átti hann töluverðan spöl, sennilega nokkra tugi metra, ófarna til þeirra, gaf hann hljóðmerki. Þá telur hann sig hafa ekið með 20—30 km hraða, miðað við klukkustund. Þorsteinn heyrði hljóðmerkið og færði sig út á vinstri vegarbrúnni, en leit ekki við og sá því hvorki Odd né bifreiðina, fyrr en slysið var orðið. Bæði ákærði og vitnin, Valur og Svanþór, bera, að Oddur hafi, þegar hljóðmerkið var gefið, vikið til hægri inn á veginn, og er það óvæfengt.

Ákærði skýrir nú frá næstu viðburðum á þessa leið: Í sömu andránni og hann gaf hljóðmerkin, skipti hann gangvél bifreiðarinnar úr fjórðu í þriðju gangskiptingu, sté snöggvast af benzínjöfinni á hemlana, en sá þá, að svigrúm yrði til að komast á milli mannanna, og sté hann því þá af hemlunum og á benzínjöfina og ók áfram, og telur hann ökuhraðann þá hafa verið 10—15 km, miðað við klukkustund, og á þeim hraða hafi bifreiðin verið, þegar slysið varð. Þegar ákærði gaf hljóðmerkið, bjóst hann við, að mennirnir færu út á vinstri vegbrún, og beygði hann því stefnuna lítið eitt til hægri og hyggur, að við það hafi bifreiðin komizt á miðju vegarins, því að áður hafði hann ekið á vinstri vegarhelmingi. Þegar hann sá, að Oddur beygði til hægri, beygði ákærði til vinstri, og þegar hann ók fram á milli mannanna, var bifreiðin komin aðeins vinstra megin við vegarmiðju. Þegar fremsti hluti bifreiðarinnar, vélarhúsið, fór fram á milli mannanna, gekk Oddur áfram og til hægri, en um leið og ákærði var að fara fram hjá honum, leit hann út um hægri framrúðuna og sá þá, að andlit Odds vissi að bifreiðinni, og heyrði um leið, að skarpt högg kom á bifreiðina hægra megin, en heyrði ekkert óp. Um leið hemlaði ákærði, svo sem unnt var, og þegar bifreiðin nam staðar, segir

hann Odd hafa legið ca. 2 lengdir bifreiðarinnar, 15 metra, aftan við afturenda hennar. Ekki varð ákærði þess var, að Oddur drægist neitt með bifreiðinni. Vitnið Valur Júlíus Hinriksson, sem sat í framsæti bifreiðarinnar við hlið ákærða og hefur bifreiðarstjóra-réttindi og er nokkuð vanur bifreiðaakstri, gizkar á, að ökuhraðinn austur veginn hafi verið 35—40 km, miðað við klukkustund, en vitnið tekur fram, að það hafi ekki um ökuhraðann hugsað, meðan aksturinn stóð yfir, og sé hraðaágizkun þessi gerð eftir á. Vitnið telur, að ákærði hafi dregið úr þessum ökuhraða, áður en hann kom að mönnum, en getur ekki um það sagt, hvort þetta gerðist nær eða fjær mönnum. Þegar bifreiðin var að koma á móts við mennina, virtist vitninu sá þeirra, sem var hægra megin við hana, en það var Oddur, færa sig til vinstri. Vitnið sá ekki, hvar hann lenti á bifreiðinni, en virtist það vera framarlega á hægri hlið hennar. Vitnið fullyrðir, að maðurinn hafi ekki orðið fyrir framenda bifreiðarinnar. Þegar bifreiðin hafði numið staðar, sá vitnið Odd liggja nokkurn spöl aftan við bifreiðina, en það getur ekki um það sagt, hve langur sá spölur var, en gizkar á þrjár lengdir bifreiðarinnar. Vitnið hljóp strax í næsta hús og símaði til lögreglunnar um slysið. Vitnið Svanþór Jónsson sat í næsta sæti fyrir aftan ákærða hægra megin í bifreiðinni. Vitnið var að lesa í blaði, þar til hljóðmerkið var gefið, og veitti akstrinum því litla athygli, en því virtist bifreiðinni vera ekið á venjulegum hraða austur veginn. Vitnið kveður ákærða hafa dregið úr hraða bifreiðarinnar, þegar hann nálgadist mennina, og þegar slysið varð, hafi bifreiðin verið orðin ferðlital og hafi verið á að gizka tvær lengdir hennar frá afturenda hennar að Oddi, þegar hún hafði numið staðar. Þegar vélarhús bifreiðarinnar var að færast fram á milli mannanna, sá vitnið Odd hægra megin við það, og var hann að visu nálægt bifreiðinni, en þó eigi svo nálægt, að vitninu virtist það hættulegt. Kveðst vitnið hafa séð báða mennina, þegar frammendi bifreiðarinnar fór á milli þeirra, og virtist því vera nóg bil milli þeirra fyrir bifreiðina. Þegar bifreiðin var að fara milli mannanna, heyrði vitnið glamur við hægri hlið bifreiðarinnar um miðju, að því er vitninu virtist, og telur það, að skófla sú, er Oddur bar um öxl, hafi þá rekizt í bifreiðina. Þetta þótti vitninu undarlegt, þar sem það taldi bifreiðina hafa haft nóg rúm til að komast á milli mannanna, og kveðst það hafa látið undrun sína yfir þessu í ljós við ákærða. Telur vitnið, að Oddur hljóti að hafa fært sig að bifreiðinni, eftir að hún var farin að fara framhjá honum, eða hrakið að henni af stormi eða snúði sér og þá lent á bifreiðinni.

Þegar vitnið Þorsteinn Magnússon sá bifreiðina fara fram hjá sér, eftir að Oddur hafði rekizt á hana, virtist því hún vera á töluverðum hraða, en það treystist ekki til að áætla hraðann nánar. Þetta

vitni segir bifreiðina hafa numið staðar 4—5 lengdir sínar fyrir framan vitnið. Eftir slysið lá Oddur meðvitundarlaus nálægt miðju vegarins. Hann lá á vinstri hlið, og snéri höfuð hans til austurs, og skófla hans lá rétt hjá honum. Hann var með sár á höfði, og dreyrði úr því. Lögreglan kom brátt á veltvang og lét færa Odd á Landspítalann. Samkvæmt vottorði Landspítalans var Oddur við komuna þangað algerlega meðvitundarlaus. Uppi á höfðinu hægra megin var ca. 4 cm langur skurður. Engin blæðing var úr eyrum eða nefi, en rétt eftir komuna þangað tók að myndast mar kringum hægra auga. Púls var 80/mín. Yfirendi hægra viðbeins var brotinn rétt við herðablaðið. Sjúklingurinn var strax látinn í rúm, en ástand hans fór versnandi, púls varð litill, hraður og óreglulegur, öndun grunn og hrygglukennd, og þannig smádró af honum, þar til hann andaðist hinn 25. febrúar kl. 16.30. Krufning sýndi brotinn höfuðkúpubotn og mikla blæðingu á heilann.

Ekkja Odds hefur upplýst, að hann hafi frá æsku verið bilaður á taugum, og hafi bilun þessi lýst sér í krampatitringi. Segir hún hann stundum, sérstaklega fyrr á árum, hafa vegna þessa gengið hraðar en ella, en ekki segist hún hafa séð hann skjögra eða taka ósjálfráð hliðarspor.

Vitnið Ólafur Ólafsson, er síðast var verkstjóri Odds, varð þess daglega vart, að Oddur fékk krampadrætti í andlitið og átti illt með að tala, meðan á þeim stóð, en eigi sá vitnið hann taka ósjálfráð hliðarspor eða bakföll á göngu.

Vitnið Þorsteinn Magnússon hafði alloft orðið Oddi samferða til vinnu og orðið þess vart, að hann átti vanda til krampakasta og hristist þá til og skjögraði stundum til hliðar. Vitninu virtist hann alltaf vilja ganga inni á veginum og álitur, að hann hafi vegna krampakastanna forðazt að ganga á vegarbrúnunum. Þetta, að Oddur hafi viljað ganga inni á veginum, kveðst ekkja hans hafa heyrt fólk tala um.

Vitnin Valur og Svanþór tóku ekki eftir neinu óeðlilegu við göngulag Odds í umrætt skipti, en bæði vitnin þekktu hann áður og vissu, að hann var krampaveikur, og kveðst Valur hafa vitað, að hann átti til að taka vixlspor eða kippast til í gangi.

Þegar ákærði gaf hljóðmerkið, tók hann ekki eftir neinu ein-kennilegu við göngulag Odds, en þegar bifreiðin nálgadist hann meira, tók ákærði eftir, „að Oddur var eins og skjögrandi. Var eins og hann vippaðist til, og axlir hans kiptust til. Hann virtist þó halda nokkurn veginn stefnu á ganginum.“

Sannað er, að framendi bifreiðarinnar var kominn fram hjá Oddi, þegar áreksturinn varð, og verður að álíta, að Oddur, sem hafði beygt til rangrar hliðar, hafi af einhverjum ástæðum, sjálf-ráðum eða ósjálfráðum, breytt stefnu sinni nær bifreiðinni og við það rekizt á hana. Hraði bifreiðarinnar var að visu ekki mikill,

en eins og á stóð, sérstaklega, þar sem ákærði sá, að Oddur var óeðlilegur í gangi og beygði skakkt, hefði honum að álitni réttarins borið að sýna meiri varkárni um ökuhraðann og að aka eigi svo nálægt Oddi sem hann gerði. Óvarkárni ákærða í þessum efnum verður að telja meðorsök slyssins, og hefur ákærði því gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 26. gr. 1. mgr. og 27. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 4. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941. Með því að aka bifreiðinni án virks hraðamælis hefur ákærði brotið 9. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna. Þykir refsing ákærða eftir atvikum og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 20 daga varðhald.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Jóhannes Sölvi Sigurðsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málflytningu-
slau laun skipaðs verjanda síns, Ólafs hæstaréttarlögmanns Þorgrímssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1946.

Nr. 160/1945. Jón N. Jóhannessen (Hrl. Sigurður E. Ólason)
gegn

Guðmundi Jóhannessyni

(Hrl. Kristján Guðlaugsson).

Leigutaka gert að rýma húsnæði.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. des. 1945. Krefst hann þess aðallega, að uppsögn hans 28. júní 1945 á leigumála stefnda verði dæmd gild og og stefnda verði gert að rýma allt leiguhúsnæðið nú þegar. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að flytjast úr hinni leigðu íbúð að undanskildu forstofuher-